





Fyrir byrjendur
Gítarkennsla Guðmundar R
1 - 3 tími

Velkomin í gítarnám.


Hér sérðu hálsinn á gítarnum og sýndur er 6. strengur – tóntegundin á hverju bandi. Laus 6. strengur = E . 6. strengur studdur á fyrsta bandi = F og svo koll af kolli. Þetta þurfa allir að læra.




Fyrsti hljómur sem við lærum er Emoll: (Takið vel eftir handsetningunni.




Færðu fingrasetninguna upp um eitt band og bætt 1. fingri við og leggðu hann þétt yfir alla strengina eins og sést á myndinni. Þá færðu hljóminn Fm . Þessa fingrasetningu getur þú spilað upp allan hálsin. Þetta kallast "þvergríp"



Sama gerist ef þú tekur hljóminn E7sem upphafshljóm:




Bættu fyrsta fingri við eins og áður á fyrsta band, og þá kemur F7 hljómur:




Æfðu þennan hljóð upp í 7 band. Þú færir þá alla fingrasetninguna um eitt band í einu:

Sama gerist þegar þú æfir A hljóð. Mundu að þá er ekki slegin 6. strengur (E tónninn)

A hljóður með 2,3 og 4. fingri (ath: 1. fingur er laus):




Nú getur þú gert eins og áður, fært alla fingrasetninguna upp um eitt band:



Hljóðurinn er þá orðinn B.

Þetta er alls ekki auðvelt í byrjun – en æfingin skapar meistarann.


Sama hljóð er einnig hægt að tak með því að leggja t.d 3. fingur einan yfir í stað þess að nota 2,3 og 4 fingur alla í einu :




Eins og áður: Æfðu þetta upp á 7 band með því að færa alla fingrasetninguna í einu um eitt band í einu.

Mundu að læra einnig nöfn tónanna á hverju bandi frá 5. streng (A). Á milli E – F og B og C er kallað heil nóta, en á milli hinna er ½ nóta.


Gítarhálsinn út frá A streng (5 streng):



Nú skulum við taka A moll (hér er það sýnt með 1,2 og 3 fingri, en ég mæli með að þið æfið það einnig með 2,3 og fjórða fingri (1. fingur laus) :




Nú gerið þið eins og áður, færið fingrasetninguna upp um eitt band og bætið við 1. fingri yfir alla strengina frá 1-5:




Munið að slá ekki djúpa E strenginn (6. streng).

Æfðu þetta eins og áður upp hálsinn að 7. bandi og gáðu hvort þú getur fundið út hvað hljómarnir heita þá á hverju bandi fyrir sig ?

Næst æfum við A7hljóm:



Aftur gerum við það sama , að færa fingrasetninguna upp um eitt band o.s.f.r:



Hér er þá komin B7 hljómur.

Æfið þetta vel a.m.k á hverjum degi í 2 X 10 mínútur. Passið vel upp á að allir strengir sem ítt er á hljómi fallega. Ég veit að þetta er erfitt í fyrstu, en ef þið eruð dugleg og samviskusöm að æfa ykkur, náði þið þessu mjög fljótt.

Kíkið á heimasíðuna:

www.1og8.com